

25.2.2009

Áherslur ASÍ og SA í tengslum við frestun endurskoðunar kjarasamninga

Efnahagskreppan í landinu hefur gerbreytt afkomu heimila, starfsskilyrðum atvinnulífs og forsendum fyrir atvinnustigi og launagreiðslum. Atvinnuleysi hefur vaxið hratt og kaupmáttur launa rýrnað þannig að hagur heimila hefur versnað stórlega. Mikil verðbólga hefur kipt forsendum undan kjarasamningunum sem gerðir voru 17. febrúar 2008.

Í ljósi þessa hafa samningsaðilar ákveðið að fresta ákvörðun um endurskoðun kjarasamninga um allt að fjóra mánuði. Samningsaðilar telja að þessi frestun sé mikilvægt framlag til stöðugleika í efnahagslífinu. Þannig geti skapast aðstæður til þess að hratt dragi úr verðbólgu og vextir geti lækkað.

Aðilar telja að þessi frestun sé mikilvægur þáttur í því endurreisnarstarfi sem við blasir en meira þarf að koma til. Á næstu dögum og vikum þarf að grípa til margvíslegra aðgerða til þess að verja hag heimilanna og fjölga störfum, m.a. að:

1. Tryggja að vextir lækki hratt
2. Stíga veigamikil skref til að losa um gjaldeyrishömlur
3. Ljúka endurskipulagningu bankanna þannig að eðlileg bankastarfsemi komist a.
4. Stuðla að aukinni atvinnu með því að:
 - a. Forgangsraða opinberum framkvæmdum þannig að frekar verði ráðist í mannaflsfrekar framkvæmdir. Forgangsröðunin verði unnin í samráði við aðila vinnumarkaðarins.
 - b. Hækka endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingastað vegna nýbygginga og viðhalds í 100% og láta ákvæðið einnig ná til sumarhúsa og fasteigna í eigu sveitarfélaga.
 - c. Heimildir íbúðalánasjóðs til lánveitinga vegna til viðhaldsverkefna verði rýmkaðar þannig að þær nái til leiguhúsnæðis í eigu félaga, félagasamtaka og sveitarfélaga.
 - d. Taka upp skattaívilnanir til fyrirtækja vegna rannsókna og þróunar.
5. Skapa aðstæður fyrir stofnun fjárfestingarsjóðs atvinnulífsins m.a. með því að ljúka uppgjöri milli lífeyrissjóða og skilaneftnda bankanna.
6. Stuðla að fjárfestingum erlendra aðila héraðs sem og auknum fjárfestingum íslenskra alþjóðafyrirtækja
7. Vinna að forgangsröðun í opinberum fjármálum fyrir næstu ár

